

**Aðalfundur í Sýn hf.
19. mars 2021**

Föstudaginn 19. mars 2021 klukkan 15.00 er haldinn aðalfundur hjá Sýn hf. í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík.

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður, setti fundinn. Lýsti hann því að fundurinn væri rafrænn í fyrsta sinn og möguleikum hlutahafa sem taka þátt með þeim hætti. Lagði hann svo til að Kristinn Hallgrímsson, hæstaréttarlögmaður, myndi annast fundarstjórn. Tillagan var samþykkt og tók fundarstjóri við stjórn fundarins.

Fundarstjóri gerði tillögu um Snorra Stefánsson, lögmann, sem fundarritara. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lýsti yfir að boðað hefði verið til aðalfundar félagsins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Fundurinn hafi verið auglýstur í Kauphöll og dagblöðum með þeim hætti sem áskilið væri. Hefðu auglýsingarnar verið með tilskyldum þriggja vikna frests samþykktta félagsins. Hlutaskrá félagsins liggur fyrir fundinum og samkvæmt henni er mætt fyrir hluthafa sem hafa að baki sér 65,5% hlutafjár. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmæti hans að öðru leyti. Fundurinn skoðast því lögmætur.

Lýsti fundarstjóri því að greidd yrðu atkvæði með rafrænum hætti. Mögulegt væri að greiða atkvæði þegar í stað um þær tillögur sem atkvæði yrðu greidd um. Eins væri mögulegt að setja fram rafrænar fyrirspurnir hvenær sem er. Útsendingu væri seinkað og því hvatt til þess að setja fram athugasemdir sem fyrst.

Að því búnu var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári

Fundarstjóri gaf Hjörleifi Pálssyni, formanni stjórnar, orðið.

Hjörleifur fór yfir stöðu félagsins og horfur. Þrautaseigja og kjarkur voru þau orð sem stjórnarformanni voru efst í huga. Breytingar hefðu orðið hjá félaginu. Nálgun félagsins hefði verið löguð að viðskiptavinum, ánægju þeirra og upplifun. Kvað hann dagskrárgerð hafa verið góða, fréttastofuna vera öflug og samvinnu miðla mjög góða.

Sagði Hjörleifur nýtt reikningakerfi hafa bætt stöðu félagsins. Þetta hljómaði mögulega sem smávægilegt skref en staðreyndi væri sú að eldra kerfi hefði hamlað félaginu. Kvað Hjörleifur að búist væri við að sala á innviðum félagsins myndi leiða til betri stöðu til framtíðar.

Taldi Hjörleifur að keppinautar félagsins sem fjármagnaðir væru með nefskatti hefðu ósanngarnt forskot. Þá væru lagaskyldur á öllum innlendu fjölmiðlum sem íþyngdi sér í lagi þeim sem keppa við forgjöfina. Erlendir keppinautar væru auk þess ekki undirseldir íslenskum lögum með sama hætti og innlend fjölmiðlafyrirtæki.

Hjörleifur ítrekaði mikilvægi þess að félagið byggði á sterkum stöðum svo sækja mætti fram. Taldi hann allar forsendur til þess að félagið myndi glansa á komandi ári.

Þakkaði Hjörleifur loks framkvæmdastjóra og starfsfólki öllu fyrir frábært starf á liðnu ári. Félagið hefði náð vopnun sínum og gæti hlakkað til framtíðarinnar.

Gerð var tillaga um forstjóri myndi fara yfir rekstur félagsins áður en lengra væri haldið. Heiðar Guðjónsson fékk orðið.

Heiðar hóf mál sitt á því að lýsa því hvernig sveigjanleiki félagsins hefði aukist. Stefnan væri jafnframt að rækta langtímasamband við viðskiptavinum Síonar. Herferð var hrundið af stað undir heitinu „Nýtt upphaf“. Skipuriti hefði verið breytt þannig að boðleiðir urðu styttri. Þá var endursamið við birgja sem jók enn sveigjanleika. Heiðar er ánægður með þann viðsnúning sem orðið hefði.

Heiðar vék að einstökum miðlum. Benti hann á að Vísir og Stöð 2 hefðu eflst og áskrifendum fjölgað. Væri mikið keypt af efni. Heiðar fór yfir það samtal sem væri yfirstandandi við önnur fjarskiptafyrirtæki um innleiðingu á 5G og sölu á fjarskiptainnvíðum. Salan myndi gera félaginu kleift að greiða niður skuldir. Sýn væri sérstakt innan Vodafone á heimsvísu fyrir stöðu sína hvað varðar IoT. Hefðu tækniinnviðir félagsins eflst. Kvað Heiðar nýjan fjölskyldupakka vera mjög vinsælan og að sala á honum færi vel af stað.

Þakkaði Heiðar fyrir samstarfið á liðnu ári og bauð Signýju Magnúsdóttur velkomna til þess að greina frá lykiltölum úr rekstri félagsins.

Signý tók til máls. Hún kvað tekjur hafa verið 20.786 m. kr., EBITDA 5.739 m.kr., afkomu neikvæða um 405 m og frjálst fjárflæði 3.210 m.kr. á árinu 2020. Signý fór svo yfir rekstrarreikning félagsins. Benti hún m.a. á að framlegð Endor væri lægri en framlegð Síonar sem hefði áhrif á framlegð móðurfélagsins. Signý kvað veikingu krónunnar hafa haft neikvæð áhrif á félagið þar sem kostnaður væri hærri. Sagði Signý hagræðingu farna að skila sér. Benti Signý á að sala á dótturfélagi í Færeyjum árið 2019 hefði skilað hagnaði sem sæist í hreinum fjármagnsgjöldum þess árs. Hefðu vaxtagjöld langtímaskulda lækkað um 287 milljónir á milli ára.

Signý fór svo yfir tekjustrauma félagsins. Reikitekjur hefðu lækkað vegna færri ferðamanna og eins voru viðskiptavinir færðir í þjónustur sem hentuðu þeim betur. Það var mat stjórnenda að það myndi skila sér í tryggari viðskiptasamböndum og þar með auknum tekjum til lengri tíma. Þá urðu breytingar í sýningu enska boltans. Lokanir í verslunum hafði neikvæð áhrif á vörusölu en hún hefði tekið við sér.

Signý vék að efnahagsreikningnum. Væru þar skráðar eignir til sölu vegna væntrar sölu fjarskiptainnvíða. Fjárfestingar drógust saman en þær hefðu aukist eftir kaup félagsins á 365.

Fór Signý svo yfir sjóðstreymi félagsins. Frjálst fjárflæði jókst mjög en stutt var í greiðslu skammtímaskuldbindinga. Lauk Signý máli sínu eftir yfirferð yfir sjóðstreymi liðins árs.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning en enginn kaus að taka til máls.

2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2018

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar:

„Stjórn leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2020, en vísar að öðru leyti til ársreiknings hvað varðar ráðstöfun á tapi ársins og breytingu á eigin fé.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Engin óskaði eftir að taka til máls. Tillagan var borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

3. Staðfesting ársreiknings

Enginn óskaði eftir að tjá sig um ársreikning félagsins og bar fundarstjóri hann upp til samþykktar. Var ársreikningur félagsins fyrir árið 2020 samþykktur samhljóða.

4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögum stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins:

a. Tillaga rafræna hluthafafundi

Stjórn gerði tillögu um að breyta ákvæði samþykktar um rafræna hluthafafundi. Tillagan var svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti, hvort sem er með þeim hætti að hluthafafundurinn verði rafrænn að öllu leyti, eða að hluta.“

Fundarstjóri gerði stuttlega grein fyrir tillögunni.

b. Tillaga um kaup á eigin hlutum

Stjórn gerði tillögu um að heimila félaginu kaup á eigin hlutum sem yrði viðauki við samþykktir félagsins. Tillagan var svohljóðandi:

„Félaginu er heimilt, í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, að kaupa allt að 10% af eigin hlutum í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar.

Fundarstjóri lagði til að tillögurnar yrðu allar bornar upp í einu lagi. Var ekki gerð athugasemd við það og voru tillögurnar samþykktar samhljóða með tilskyldum auknum meirihluta.

5. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar:

„*Sýn hf. stefnir að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Við mótun tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til:*

- *markmiða fjárfestingarstefnu félagsins*
- *markaðsaðstæðna*
- *fjárfestingarþarfar félagsins“*

Tillagan var umræðulaust borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

6. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Gerð var tillaga um óbreytta starfskjarastefnu frá síðasta aðalfundi.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu stjórnar. Fundarstjóri bar svo tillögurnar undir atkvæði fundarmanna og voru þær samþykktar samhljóða.

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2020

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar:

„*Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:*

- a) Stjórnarformaður fái kr. 600.000 á mánuði.*
- b) Varaformaður fái kr. 450.000 á mánuði*

- c) Aðrir stjórnarmenn fái kr. 300.000 á mánuði.
- d) Varastjórnarmenn fái kr. 120.000 fyrir hvern setinn fund.
- e) Formenn undirnefnda fái kr. 120.000 á mánuði.
- f) Aðrir nefndarmenn undirnefnda fái kr. 60.000 á mánuði.
- g) Kosnir meðlimir tilnefningarnefndar, sem og aðrir utanaðkomandi ráðgjafar undirnefnda, fái greitt á grundvelli samþykks tilboðs. Greiðslur til endurskoðanda skulu jafnframt vera samkvæmt samþykktu tilboði“

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að tillagan fæli í sér óbreytt laun stjórnarmanna í meginatriðum en breytingu varðandi varaformann og tilnefningarnefnd. Tillagan var borin umræðulaust undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

8. Kosning stjórnar félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að sjálfkjörið væri í stjórn félagsins og varastjórn og óskaði hann stjórnarmönnum og varamönnum til hamingju.

Stjórn félagsins skipa því Hjörleifur Pálsson, Páll Gíslason, Petra Ingileif Guðmundsdóttir, Sigríður Vala Halldórsdóttir og Tanya Zharov. Varastjórn skipa Óli Rúnar Jónsson og Þyri Dröfn Konráðsdóttir.

9. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að sjálfkjörið væri í tilnefningarnefnd félagsins. Gefið höfðu kost á sér Ragnheiður S. Dagsdóttir og Þróstur Ólafur Sigurjónsson. Auglýst var eftir framboðum en engin bárust. Voru því sjálfkjörið.

Fundarstjóri óskaði þeim til hamingju með kjörið.

10. Kosning endurskoðanda félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn félagsins legði til við aðalfund að Deloitte ehf. verði áfram endurskoðunarfélag félagsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál löglega upp borin

Fundarstjóri upplýsti að engin önnur mál væru á dagskrá fundarins og engar löglegar tillögur verið bornar upp. Gaf hann því næst orðið laust, en enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og gerði að tillögu sinni að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki. Var fundi slitið kl. 15.34.

Framangreint staðfestist hér með.


Kristinn Hallgrímsson, hæstaréttarlögmaður,
fundarstjóri


Snorri Stefánsson, lögmaður,
fundarritari